

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um ávinning sjálfvirknivæðingar og gervigreindar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur farið fram vinna í ráðuneytinu til að tryggja að eðlilegur hluti þess ávinnings sem verður af fyrirséðu hagræði vegna gervigreindar annars vegar og sjálfvirknivæðingar hins vegar skili sér til almennings? Ef svo er ekki, stendur það til?

Í ráðuneytinu hefur ekki farið fram formleg vinna við að greina ávinning af mögulegu hagræði við notkun gervigreindartækni og á hvaða hátt ávinningur sjálfvirknivæðingar skili sér til almennings.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið er meðvitað um gervigreindarstefnu Íslands og þær tillögur sem þar koma fram. Ráðuneytið leggur áherslu á að auka stafræna þekkingu og hæfni starfsfólks með það að markmiði að leita leiða til að auka sjálfvirkni verkferla innan ráðuneytis. Skipulögð fræðsla mun hefjast í haust en nokkuð af starfsfólki nýtir sér þegar tæknina við vinnu sína í ráðuneytinu. Ráðuneytið fær til sín mikið af gögnum og það er ljóst að möguleikar til að vinna úr gögnum og einfalda og létta vinnu eru miklir.

Í ráðuneytinu er unnið að verkefni sem miðar að því að einfalda ferla við leyfisveitingar og gera þá skilvirkari. Ljóst er að með notkun gervigreindar í slíkum verkefnum opnast nýir möguleikar, t.d. við hraða yfirferðar sem ætti að flýta allri endurgjöf til umsækjenda eða annarra sem vilja sækja sér upplýsingar.

Nýlega hófst tilraunaverkefni innan ráðuneytisins í samvinnu við Datalab sem snýr að smíði gervigreindarlíkans sem er ætlað að meta áhrif hagrænna hvata til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Líkaninu er ætlað að hámarka samdrátt í losun með lágmarkstilkostnaði.

Sjá má fyrir sér ýmsa möguleika í notkun gervigreindar við að halda utan um gögn varðandi málaflokk umhverfismála í breiðum skilningi, svo sem vegna loftslagsbreytinga þar sem hægt er að spá fyrir um mögulegar sviðsmyndir og móta aðlögunaraðgerðir; þróun vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni, mengun og verndun lands. Sama má segja um notkun gervigreindar í umsjón orkumála, t.d. hvernig má spá fyrir um orkunotkun og auka orkunýtni sem og skipulag orkukerfa.

Dæmi um gervigreindarhagræði sem ætla má að séu til hagsbóta fyrir almenning í þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra eru annars vegar innleiðing orkusnjallmæla sem aðstoða við rekstur veitukerfa og auka hagkvæmni í orkunotkun og hins vegar rannsóknir á nýtingu gervigreindar við greiningu og framþróun í túlkun gervitunglagagna og þróun veðurspáa.

Stofnanir ráðuneytisins leggja áherslu á að nýta upplýsingatækni til að bæta þjónustu sína með aukinni sjálfvirknivæðingu. Jafnframt má fullyrða að með notkun gervigreindar náist betri yfirsýn yfir gögn og forsendur styrkist fyrir betri ákvarðanatöku í ýmsum áskorunum umhverfis-, orku og loftslagsmála í þágu almennings og í átt að sjálfbæru samfélagi.